



Ákvörðun nr. 4/2023
Viðmiðunartilboð Mílu fyrir aðstöðuleigu

Málsnúmer: 2022080035

Efnisyfirlit	
I. Inngangur	3
II. Málavextir	3
III. Umsagnir hagsmunaaðila og afstaða FST	5
3.1. Viðmiðunartilboð	5
3.1.1. Reikningar og greiðslur - 4. gr. viðmiðunartilboðsins	5
3.1.2. Sjónarmið Ljósleiðarans	5
3.1.3. Sjónarmið Mílu	6
3.1.4. Afstaða FST	6
3.1.5. Takmörkun vegna öryggisástæðna - 8. gr. viðmiðunartilboðsins	6
3.1.6. Sjónarmið Snerpu	6
3.1.7. Sjónarmið Mílu	6
3.1.8. Afstaða FST	7
3.1.9. Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila - 13. gr. viðmiðunartilboðsins	7
3.1.10. Sjónarmið Snerpu	7
3.1.11. Sjónarmið Mílu	8
3.1.12. Afstaða FST	8
3.2. Viðauki 1	9
3.2.1. Nágreinishýsing og aðgangur að lagnaleiðum innanhúss - kafli 1.5. viðauka 1	9
3.2.2. Sjónarmið Ljósleiðarans	9
3.2.3. Sjónarmið Mílu	9
3.2.4. Afstaða FST	10
3.2.5. Rafmagn – Kafli 1.7. viðauka 1	10
3.2.6. Sjónarmið Sýnar	10
3.2.7. Sjónarmið Mílu	10
3.2.8. Afstaða FST	10
3.3. Viðauki 2	11
3.3.1. Leiguverð fyrir aðstöðuleigu í tækjarymum, sölum og tækjahúsum – Kafli 1.1. viðauka 2	11
3.3.2. Sjónarmið Sýnar	11
3.3.3. Sjónarmið Mílu	11
3.3.4. Afstaða FST	12
3.3.5. Kaflar 1.4., 1.5. og 1.6. í viðauka 2.	12
3.3.6. Sjónarmið Ljósleiðarans	13
3.3.7. Sjónarmið Snerpu	13

3.3.8. Sjónarmið Sýnar	14
3.3.9. Sjónarmið Mílu.....	14
3.3.10. Afstaða FST.....	14
3.3.11. Afslættir - Kafli 1.7. í viðauka 2	15
3.3.12. Sjónarmið Snerpu.....	15
3.3.13. Sjónarmið Mílu.....	16
3.3.14. Afstaða FST.....	16
3.4. Viðauki 3.....	16
3.4.1. Inntaksherbergi – Kafli 2 í viðauka 3	16
3.4.2. Sjónarmið Ljósleiðarans	16
3.4.3. Sjónarmið Mílu.....	16
3.4.4. Afstaða FST.....	17
3.4.5. Öryggisreglur - Kafli 1 í viðauka 3.....	17
3.4.6. Sjónarmið Snerpu.....	17
3.4.7 Sjónarmið Mílu.....	17
3.4.8. Afstaða FST.....	17
3.5. Viðauki 5.....	18
3.5.1. Afgreiðsla umsóknar – Kafli 2 viðauka 5	18
3.5.2. Sjónarmið Ljósleiðarans	18
3.5.3. Sjónarmið Mílu.....	18
3.5.4. Afstaða FST.....	18
3.6. Viðauki 6.....	18
3.6.1. Reglur um umgengni í tækjarýmum og tækjahúsum - Kafli 1 viðauki 6	18
3.6.2. Sjónarmið Snerpu.....	18
3.6.3. Sjónarmið Mílu.....	19
3.6.4. Afstaða FST.....	19
<i>Ákvörðunarorð.....</i>	<i>19</i>

I. Inngangur

(1) Ákvörðun þessi varðar nýtt viðmiðunartilboð Mílu hf. (Míla) fyrir aðstöðuleigu sem leysir af hólmi eldra viðmiðunartilboð Mílu um sama efni frá 3. júní 2014.

(2) Þann 11. maí 2022 barst Fjarskiptastofu (FST) uppfært viðmiðunartilboð um aðstöðuleigu frá Mílu. Þann 28. september 2022 birti FST tilkynningu um uppfært viðmiðunartilboð Mílu fyrir aðstöðuleigu. Frestur til þess að skila inn umsögnum og athugasemdum var veittur til 19. október 2022. Með tilkynningunni var óskað eftir samráði um skilmála viðmiðunartilboðsins sem var birt markaðsaðilum.

(3) Helstu breytingar sem gerðar voru í uppfærði viðmiðunartilboði Mílu áður en samráðs var óskað fólu í sér breytingar á öryggis-, verklags- og umgengnisreglum, rafrænu umsóknarferli á þjónustuvef Mílu og rafrænni undirskrift. Einnig var settur inn texti varðandi þyngd á loftnetum, loftnetsmögnum og meðfylgjandi búnaði. Þá voru gerðar orðalagsbreytingar víða í viðmiðunartilboðinu og er m.a. nafninu á því breytt í „Viðmiðunartilboð fyrir aðstöðuleigu“.

(4) Alls bárust þrjár umsagnir frá hagsmunaaðilum um viðmiðunartilboðið á tímabilinu. Hagsmunaaðilarnir voru eftirfarandi: Snerpa ehf. (Snerpa), Ljósleiðarinn ehf. (Ljósleiðarinn) og Sýn hf. (Sýn).

(5) Í ákvörðun þessari er fjallað um þær breytingar er FST hyggst gera á viðmiðunartilboðsdrögum Mílu. Í þessu máli eru þeir skilmálar viðmiðunartilboðsins til umfjöllunar er ekki snúa að verðum, en FST hefur þegar tekið ákvörðun um heildsölugjaldskrá Mílu fyrir hýsingu í tækjarýmum og möstrum auk rafmagns kostnaðar í máli nr. 8/2021 og um heildsölugjaldskrá Mílu fyrir aðgang að afriðlabúnaði nr. 9/2022.

II. Málavextir

(6) Viðmiðunartilboðið er til komið vegna ákvarðana Póst- og Fjarskiptastofnunar og Fjarskiptastofu m.a. í málum nr. 8/2014, um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 6 samkvæmt tilmælum ESA um viðkomandi markaði frá 5. nóvember 2008) og 21/2015 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (fyrrum markaður 14 samkvæmt leiðbeiningum ESA frá 2004).

(7) Í framangreindum ákvörðunum var Míla útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðeigandi mörkuðum og lagðar voru kvaðir á félagið meðal annars um aðgang og jafnræði.

(8) Með ákvörðun FST nr. 5/2021 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á mörkuðum 3a og 3b var kvöð um skyldu Mílu viðhaldið til þess að bjóða samhýsingu/samnýtingu á aðstöðu sem tengist þjónustu sem veitt er yfir kopar-

og ljósleiðaraheimtaugar. Ákvað FST að einnig að viðhalda þeirri kvöð á Mílu að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um staðaraðgang að kopar- og ljósleiðaranetum sínum, hvort sem um er að ræða fullan eða skiptan aðgang, og tengdri aðstöðu og þjónustu á heildsölustigi. Þá ákvað FST að viðhalda kvöð á Mílu um að viðhafa gagnsæi við veitingu miðlægs aðgangs á kopar- og ljósleiðara. Hluti þessarar kvaðar fól í sér að Míla skyldi gefa út viðmiðunartilboð um miðlægan aðgang, sem uppfyllir þau skilyrði sem Fjarskiptastofa hefur sett, viðmiðunartilboð þetta skyldi lagt fyrir Fjarskiptastofu til yfirferðar og samþykktar.¹

(9) Fjallað var um verð fyrir hýsingu Mílu í ákvörðun FST nr. 8/2021 en með ákvörðuninni samþykkti FST kostnaðargreiningu Mílu fyrir aðstöðuleigu í húsum og möstrum, sem og fyrir rafmagnsnotkun í hýsingu Mílu. Kostnaðargreiningin leiðir fram mánaðarlegt leiguverð í húsum í samræmi við mismunandi aðstöðu svo og skápastærða sem eru í boði. Jafnframt eru leidd fram mánaðarverð fyrir aðstöðu í möstrum eftir stærð leigugeiningar og staðsetningu í mastri, sem og landfræðilegri staðsetningu. Heildsölugjaldskrá Mílu sem lögð var fram á grundvelli ákvörðunarinnar tók gildi þann 1. janúar 2022.

(10) FST barst uppfært viðmiðunartilboð um aðstöðuleigu frá Mílu þann 11. maí 2022. Þar hafði nafni tilboðsins verið breytt frá fyrri útgáfu þ.e. viðmiðunartilboð hýsingar var breytt í viðmiðunartilboð aðstöðuleigu. Tekið var fram að ekki væri um gjaldskrárbreytingar að ræða heldur hafi textinn verið umorðaður og orðalagi breytt með það að markmiði að gera textann og gjaldsskrána meira lýsandi fyrir þær vörur og þjónustur sem eru í boði.

(11) Helstu áherslur og breytingar fólust í að tekinn var inn nýr liður er sneri að rafrænni undirskrift/rafrænu samþykki þjónustukaupa. Þá var viðauki þrjú um tækniskilmála sameinaður við viðauka eitt sem fjallaði um grunnþjónustu og gerður var nýr viðauki er fjallar um verklags- og öryggisreglur.

(12) Eins var færð inn umfjöllun um pöntunar- og verkbeiðnaform sem er hýst á nýjum þjónustuvef Mílu.

(13) Einnig var verð fyrir aðgang að kopar tengigrind heimfært á ljósleiðara tengigrind eða tengiskáp. Verð fyrir aðgang og pláss í kopar- og ljóstengigrind eða ljóstengiskáp er 1.223 krónur á mánuði fyrir hverjar 100 línur af kopar og (viðbót) 12 þræði af ljósleiðara.

(14) Þá var færð inn verðskrá fyrir rafmang sem ekki var að finna í viðmiðunartilboði frá 3. júní 2014.

(15) Sett var inn útskýring á því hvernig skápar sem passa ekki inn í stöðluð skápláss samkvæmt verðskrá eru rukkaðir.

(16) Loks voru öryggis- og umgengnisreglur hertar. Til dæmis þyrftu skápar að vera lokaðir í ISO vottuðum rýmum og brot á umgengni- og öryggisreglum gæti leitt til þess að viðkomandi missi aðgangshæimild sína og þurfi að óska eftir fylgdarþjónustu.

¹ Sjá 19,32. og 51. mgr. í [ákvörðun nr. 5/2021](#) frá 19. október 2021 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b).

(17) Þann 28. september 2022 birti FST uppfært viðmiðunartilboð Mílu um aðstöðuleigu og óskaði eftir samráði um þá skilmála viðmiðunartilboðsins, aðra en þá sem snúa að verðum sem ákvörðuð eru af FST. Í tilkynningunni var tekið fram að FST hefði ekki lagt endanlegt mat á viðmiðunartilboðið í heild sinni en FST lagði til þá breytingu, í tilkynningunni, að fyrirvari á verðbreytingum yrði færður úr 30 dögum í 60 daga til samræmis við önnur viðmiðunartilboð Mílu.

(18) Alls bárust FST þrjár umsagnir frá hagsmunaaðilum þ.e. frá Snerpu, Ljósleiðaranum og Sýn. Þá barst FST viðbrögð Mílu við sjónarmiðum hagsmunaaðila þann 20. október 2022.

(19) FST óskaði eftir frekari upplýsingum frá Mílu varðandi tiltekin svör úr samráði þann 17. febrúar 2023, og var efnt til fundar, þann 27. febrúar 2023 þar sem farið var yfir svör Mílu við umsögnum hagsmunaaðila. Í kjölfar fundarins bárust FST endurbætt drög að viðmiðunartilboði auk viðauka þann 3. mars 2023. Sjónarmið hagsmunaaðila og Mílu verða rakin hér að neðan auk afstöðu FST.

(20) Með heimild í 2. mgr. 49. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 samanber 2. mgr. 8. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB hefur FST gert breytingar á uppfærðu viðmiðunartilboði Mílu, að teknu tilliti til athugasemda hagsmunaaðila. Þessar breytingar eru taldar upp í viðauka I og útskýrðar nánar í eftirfarandi texta.

III.

Umsagnir hagsmunaaðila og afstaða FST

3.1. Viðmiðunartilboð

3.1.1. Reikningar og greiðslur - 4. gr. viðmiðunartilboðsins

(21) Í 4. gr. viðmiðunartilboðsins er fjallað um reikninga og greiðslu en þar kemur eftirfarandi fram:

„Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er leiga innheimt fyrirfram fyrir hvern mánuð. Útgáfudagur reikninga er í lok hvers mánaðar. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda um virðisaukaskatt á hverjum tíma. Þjónustukaupi skal greiða mánaðarlega samkvæmt verðskrá þjónustusala. Gjald dagi reikninga er 20 dögum á eftir útgáfudag reiknings og eindagi er 2. dag næsta mánaðar eftir gjalddaga. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal þjónustukaupi greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags, auk þess sem gjald vegna innheimtuviðvörðunar leggst á kröfu við útsendingu tveim dögum eftir eindaga.“

3.1.2. Sjónarmið Ljósleiðarans.

(22) Varðandi viðmiðunartilboðið bendir Ljósleiðarinn á að í 4. gr. hefur reikningstímabili verið breytt frá fyrra viðmiðunartilboði þannig að greitt sé fyrirfram fyrir þjónustu. Þessu hafi ekki verið lýst í yfirliti FST yfir helstu breytingar á efni viðmiðunartilboðsins.

3.1.3. Sjónarmið Mílu

(23) Varðandi athugasemd Ljósleiðarans um 4 gr. viðmiðunartilboðsins tekur Míla fram að þjónusta Mílu sé almennt innheimt fyrirfram og þessu ákvæði hafi því verið breytt til samræmis við almenna framkvæmd hjá Mílu.

3.1.4. Afstaða FST

(24) FST taldi þörf á nánari tilgreiningu á þeirri framkvæmd sem vísað var til í svörum Mílu og óskaði FST eftir frekari upplýsingum með tölvubréfi 28. febrúar 2023.

(25) Samdægurs bárust þau svör frá Mílu að vísað væri til þess að almennt séð hafi öll gjöld Mílu verið innheimt fyrirfram, og að innheimta gjalda eftirá heyrir til undantekninga.

(26) Þá er einnig ljóst að í lið 4.1.1. í viðmiðunartilboði Mílu um bitastraumsaðgang í heildsölu frá 1. ágúst 2017 er kveðið á um fyrirfram innheimtu gjalda, nánar tilgreint kemur þar fram að „[u]ppgjörstímabil fyrir þjónustu skv. samningi þessum milli viðsemjanda og Mílu, miðast við almanaksmánuð. Leiguverð fyrir bitastraumsaðgang er innheimt fyrirfram fyrir hvern mánuð.“ Umrætt viðmiðunartilboð var birt að undangenginni ákvörðun FST nr. 10/2017 frá 3. júlí 2017, en ekki var talin ástæða til þess að breyta fyrirkomulagi innheimtu sem kom fram í uppfærðu viðmiðunartilboði.

(27) FST telur ekki tilefni til að breyta því fyrirkomulagi innheimtu eins og það er tilgreint í drögum Mílu að uppfærðu viðmiðunartilboði.

3.1.5. Takmörkun vegna öryggisástæðna - 8. gr. viðmiðunartilboðsins

(28) Í 8. gr. viðmiðunartilboðsins er fjallað um takmarkanir af öryggisástæðum, þar kemur neðangreint fram:

„Þjónustusala er heimilt í neyðartilfellum að taka niður eða aftengja búnað fyrirvaralaus og án þess að tilkynna þjónustukaupa um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis. Valdi búnaður þjónustukaupa sannanlega truflunum á öðrum búnaði, skal viðkomandi þjónustukaupi greiða allan kostnað sem af því hlýst að koma í veg fyrir truflanir svo og kostnað við að greina og leysa vandann.“

3.1.6. Sjónarmið Snerpu

(29) Snerpa gerði athugasemd við 8. gr. viðmiðunartilboðsins um takmörkun vegna öryggisástæðna þ.e. að þjónustusali þurfi ekki að tilkynna þjónustukaupa um niðurtöku eða aftengingu búnaðs í neyðartilfellum. Afstaða Snerpu var sú að gerist þörf á fyrirvaralausum aðgerðum, sé lágmark að tilkynning sé send eins fljótt og auðið er ásamt rökstuðningi fyrir viðkomandi aðgerð. Gerði Snerpa þá kröfu að í slíkum tilfellum yrði þjónustukaupa heimilt að skjóta ágreiningi til FST sem myndi skera úr um réttmæti slíkrar aðgerðar.

3.1.7. Sjónarmið Mílu

(30) Míla brást við athugasemd Snerpu er varðar 8. gr. viðmiðunartilboðsins. Tók Míla fram að lögð væri áhersla á að ákvæðið fengi að standa óbreytt. Því til stuðnings var tekið fram að

um væri að ræða fjarskiptaöryggi í neyðartilfellum og af þeim sökum talið nauðsynlegt að ákvæðið stæði óhreyft.

3.1.8. Afstaða FST

(31) Á fundi FST og Mílu þann 27. febrúar 2023 voru sjónarmið viðruð um möguleika þess að þjónustukaupa yrði tilkynnt um slíkar aðgerðir eftir á, eins fljótt og unnt væri. Enda gæti það orðið þjónustukaupa íþyngjandi að vita ekki upptök þess að búnaður er aftengdur.

(32) Í uppfærðum svörum Mílu sem bárust 3. mars 2023 féllst Míla á að þjónustusala beri að tilkynna um niðurtöku eða aftengingu búnaðar eins fljótt og auðið er, þó sé slík tilkynning háð neyðartilfellinu hverju sinni.

(33) Míla staðfesti í tölvubréfi til FST þann 28. apríl 2023 að orðalagið „þó sé slík tilkynning háð neyðartilfellinu hverju sinni“ taki til tilvika sem af sambærilegum toga og force majeure. Þó geti einnig komið upp jafn alvarleg neyðartilvik af manna völdum, sem gætu meðal annars orðið til þess að öll fjarskipti lægju niðri.

(34) FST telur þá breytingu vera sanngjarna gagnvart þjónustukaupa og verður því fallist á breytingu orðalags þessarar greinar. FST áréttar að Míla skal í öllum tilvikum tilkynna þjónustukaupa um niðurtöku eða aftengingu búnaðar óháð eðli neyðaratviksins. Tilkynningin verður alltaf að berast eins fljótt og auðið er, þó tímasetning hennar geti verið breytileg eftir eðli neyðaratviksins hverju sinni.

3.1.9. Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila - 13. gr. viðmiðunartilboðsins

(35) 13. gr. viðmiðunartilboðsins hljóðar svo:

Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis gagnaðila. Þjónustukaupa er því óheimilt að framleigja aðstöðu þjónustusala til þriðja aðila.

3.1.10. Sjónarmið Snerpu

(36) Snerpa gerði athugasemd við 13. gr. viðmiðunartilboðsins þar sem kveðið er á um að réttindi samkvæmt samningnum verði ekki framseld til þriðja aðila án samþykkis leigusala, þ.e. réttindi til að koma fyrir stöðluðum einingum (skápum eða tengiboxum). Afstaða Snerpu var sú að réttara væri að heimilt yrði að framselja leigupláss til þriðja aðila gegn því skilyrði að þriðji aðili gengist við réttindum og skyldum vegna sammingsins og tæki við aðild að honum. Hentugra yrði fyrir leigusala að ekki þyrfti að fjarlægja skápa eða tengibox ef leigjandi ákveður að minnka við sig eða hætta rekstri í tiltekinni aðstöðu ef þriðji aðili er tilbúinn að taka við aðstöðunni á sömu forsendum og sá sem fyrir var.

(37) Fram kemur í umsögninni að um nýmæli sé að ræða, að þjónustukaupa sé óheimilt að framleigja aðstöðu þjónustusala til þriðja aðila. Slíku skilyrði mætti jafna til þess að þjónustu sem keypt er í heildsölu sé óheimilt að endurselja. Almennt hafi aðstaða fjarskiptafyrirtækja í hýsingu verið keypt til að fénytta hana með sölu þjónustu til annarra, hvort sem er á heildsölustigi eða smásölustigi. Nefna megí gagnkvæma nýtingu fjarskiptafyrirtækja sem hafa með sér samvinnu um þjónustu til neytenda hvort sem greiðsla kemur fyrir milli

fjarskiptafyrirtækjanna eða ekki. Einnig megi nefna smásölu sem felst í hýsingu búnaðar fyrir almenn fyrirtæki í skáp fjarskiptafyrirtækis. Lagði Snerpa til að 13. gr. myndi endurspegla möguleika leigutaka til þess að framselja réttindi sín til þriðja aðila gegn því að þriðji aðili gangist við réttindum og skyldum. Þá var lagt til að seinni setning 13. gr. yrði fjarlægð í heild sinni.

3.1.11. Sjónarmið Mílu

(38) Varðandi athugasemd Snerpu um 13. gr. viðmiðunartilboðsins var tekið var fram að framsal hefði ávallt verið heimilt og væri enn, með því skilyrði að skriflegt samþykki (samningur) lægi fyrir. Þá megi breyta orðalagi ákvæðisins þar sem fram kemur að framsal sé óheimilt. Lagði Míla til eftirfarandi orðalagsbreytingu: „Þjónustukaupa er því óheimilt að framleigja aðstöðu þjónustusala til þriðja aðila nema með skriflegum samningi við þjónustusala um framsal á réttindum og skyldum.“

(39) Í uppfærðum svörum Mílu sem bárust FST 3. mars 2023 kemur fram ný tillaga um breytingu seinni setningu 13. gr.

„Þjónustukaupa er því óheimilt að framleigja aðstöðu þjónustusala til þriðja aðila nema með skriflegum framsalssamningi til þriðja aðila um framsal á réttindum og skyldum og að afrit af samningum sé sent þjónustusala. Þjónustukaupa ber að upplýsa þriðja aðila um þau réttindi og skyldur sem framsalssamningnum fylgja og þjónustusala ber að veita þau réttindi. Framsalssamning ber að gera samkvæmt leiðbeiningum þjónustusala.“

(40) Tók Míla fram að bæta mætti við að framsal sé leyfilegt með skriflegum samningi og að allir séu upplýstir.

3.1.12. Afstaða FST

(41) Að mati FST er það í þágu samkeppni að sem minnst höft verði lögð á framkvæmd kvaðar um aðgang að aðstöðu Mílu, þ.m.t. varðandi möguleikann til framleigu. Því beri Mílu almennt að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um staðaraðgang að kopar- og ljósleiðaranetum sínum eða beiðnum um breytingu á tilhögun aðgangs vegna fyrirhugaðrar framleigu þjónustukaupa.

(42) Hins vegar er ljóst af samskiptum við Mílu að aðgengi að tækjarýmum og tækjahúsum er háð samningi við Mílu auk þess sem sjónarmið eru uppi um umgengni- og öryggisreglur, telur FST því ekki ástæðu til þess að breyta fyrri hluta 13. gr. um framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila.

(43) Með tölvubréfi dags. 28. apríl 2023 staðfesti Míla að samþykkið fyrir framsali samningaskyldna sé til komið vegna aðgengis- og öryggissjónarmiða. Enn fremur var tekið fram að ætlast sé til þess að fyrirtæki sem njóti þjónustu Mílu í gegnum viðskiptavinum þeirra undirgangist sömu umgengni- og öryggisreglur og allir aðrir viðskiptavinir. Míla segir þetta fyrirkomulag ekki skerða endursölmöguleika á nokkurn hátt.

(44) Varðandi athugasemd Snerpu um að skilyrði um skriflegt samþykki Mílu megi jafna til þess að þjónustu sem keypt er í heildsölu sé óheimilt að endurselja, bendir FST á að með ákvörðun FST í máli nr. 5/2021² var lögð sú kvöð á Mílu um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um staðaraðgang að kopar- og ljósleiðaranetum sínum, hvort sem um er að ræða fullan eða skiptan aðgang, og tengdri aðstöðu og þjónustu á heildsölustigi. Þá var einnig lögð á kvöð um jafnræði með sömu ákvörðun.

(45) Í 7. mgr. 58. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 segir að FST skuli hafa eftirlit með og tryggja að þær kvaðir sem stofnunin hefur gert bindandi séu uppfylltar. Ef Míla myndi takmarka endursölmöguleika rekstraraðila væru þau ekki í samræmi við skyldu Mílu til að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang. Ef Míla brýtur gegn kvöð sem FST leggur á geta brotin varðað stjórnvaldssektum skv. f-lið 1. mgr. 103. gr.

(46) Þar sem samþykki Mílu fyrir framsali samningsskuldbindinga er fyrst og fremst til komið vegna aðgengis- og öryggissjónarmiða og kvaðir hvíla á Mílu um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang sbr. ákvörðun FST nr. 5/2021 og ákvarðanir PFS nr. 8/2014 og 21/2015 telur FST ekki að Míla myndi leggja gegn slíkum flutningum og mögulega skerða möguleika á endursölu.

(47) Afstaða FST er því að ákvæðið sem hér um ræðir sé ekki líklegt til þess að hamla endursölmöguleika þjónustukaupa.

(48) FST fellst á tillögu Mílu um breytt orðalag síðari setningu 13. gr.

3.2. Viðauki 1

3.2.1. Nágreinishýsing og aðgangur að lagnaleiðum innanhúss - Kafli 1.5. viðauka 1

(49) Í kafla 1.5. í viðauka 1 kemur eftirfarandi fram:

„Þjónustukaupa er ekki heimilt að framselja rétt sinn til afnota af inntaki og lagnaleiðum innanhúss til þriðja aðila.“

3.2.2. Sjónarmið Ljósleiðarans

(50) Varðandi viðauka 1 gerði Ljósleiðarinn athugasemd við að í kafla 1.5. hafi verið bætt við ákvæði sem kveður á um að framsal til afnota af inntaki og lagnaleiðum innanhúss til þriðja aðila sé óheimil. Taldi Ljósleiðarinn framangreint vera á skjön við kafla 13 í viðmiðunartilboði þar sem fram kemur að framsal sé heimilt með skriflegu samþykki Mílu.

3.2.3. Sjónarmið Mílu

(51) Varðandi athugasemd Ljósleiðarans um kafla 1.5. fellst Míla á athugasemd Ljósleiðarans varðandi framsal og segir, inntakið eiga að vera eins og er í núgildandi viðmiðunartilboði. Framsal sé heimilt með skriflegu samþykki gagnaðila.

² Sjá kafla 2.1. og 2.2. í [ákvörðun nr. 5/2021](#) frá 19. október 2021 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölmörkuðum fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b).

3.2.4. Afstaða FST

(52) FST fellst á að breyta orðalagi þriðju efnisgreinar kafla 1.5. til samræmis við viðmiðunartilboðið þannig að framsal sé heimilt með skriflegu samþykki gagnaðila.

3.2.5. Rafmagn – Kafli 1.7. viðauka 1

(53) Í kafla 1.7. viðauka 1 er fjallað um rafmagn og hljóðar hann svo:

Ef upplýsingar frá þjónustusala um orkunotkun liggur ekki fyrir eftir að pöntun á aðstöðuleigu hefur verið afgreidd ber þjónustukaupa að mæla notkun rafmagns og skila inn strax eftir að búnaður hefur verið gangsettur með því að senda „Verkbeiðni (Forði)“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>. Að öðru kosti er þjónustusala heimilt að rukka rafmagnsnotkun í samræmi við fulla afkastagetu viðkomandi rafmagnsgreinar frá og með fyrstu mánaðarmótum eftir gangsetningu á viðkomandi búnaði.

Þjónustukaupa ber að tilkynna allar breytingar á rafmagnsnotkun með því að senda „Verkbeiðni (Forði)“ á þjónustuvef þjónustusala <https://thjonustuvefur.mila.is>. Þjónustusali gerir reglulega úttekt og mælir notkun rafmagns og ræður sú mæling alltaf við rukkun gjalda vegna rafmagnsnotkunar. Ef rafmagnsnotkun við úttekt mælist önnur en rukkað er fyrir er þjónustusala heimilt að rukka afturvirktil til síðustu mælingar eða þar til búnaður var gangsettur.

Rafmagn er selt skv. verðskrá Mílu sjá nánar í viðauka 2 Verðskrá lið 1.8. Þjónustusala er heimilt að slökkva á búnaði notenda aflkerfa í hættuástandi sem og í neyðarástandi eða fara fram á að notendur slökkvi á sínum búnað

3.2.6. Sjónarmið Sýnar

(54) Sýn gerði athugasemd við 1.7. gr. þar sem fjallað var um rafmagn en fram kom að rafmagnsnotkun gæti sveiflast mikið yfir daginn, sérstaklega þegar um er að ræða búnað eins og farsímasenda. Gæti þannig ein mæling á álagstíma gefið mjög skakka mynd af meðal- eða heildar raforkunotkun og ætti því ekki að vera lögð til grundvallar. Einnig getur verið mismunandi álag á milli árstíða. Sýn benti á að nýrri afriðlar væru almennt þannig gerðir að hægt sé að lesa heildar notkun langt aftur í tímann og því ætti að vera einfalt að nota slíka mælingu til grundvallar.

3.2.7. Sjónarmið Mílu

(55) Míla féllst á það sjónarmið Sýn um rafmagnsnotkun gæti verið breytileg enda væri Míla í dag að nota rauntímagögn úr nýjum afriðlum til grundvallar gjaldröku. Tekið var fram að þar sem afriðlar séu ekki með rauntímagögn væri notuð meðaltalsmæling á rafmagnsnotkun.

3.2.8. Afstaða FST

(56) FST fellst á skýringu Mílu og telur ekki ástæðu til þess að breyta ákvæðinu eins og það stendur í viðauka 1.

3.3. Viðauki 2

3.3.1. Leiguverð fyrir aðstöðuleigu í tækjarýmum, sölum og tækjahúsum – Kafli 1.1. viðauka 2

(57) Í kafla 1.1. í viðauka 2 er fjallað um leiguverð fyrir aðstöðuleigu í tækjarýmum, sölum og tækjahúsum en þar kemur fram:

*Verðskrá fyrir leigu í tækjarými, sal eða tækjahúsi er í 4. gjaldflokkum. Salir, Þéttbýli, Dreifbýli og Utan byggðar. Verðskráin er samsett úr fjórum stærðareiningum sem eru ½*60*60cm, 1*60*60cm, ½*80*80cm og 1*80*80cm.*

	Salir	Þéttbýli	Dreifbýli	Utan byggðar
1 skápeining 60x60x220	22.300 kr.	22.300 kr.	24.200 kr.	48.400 kr.
½ skápeining 60x60x110	11.150 kr.	11.150 kr.	12.100 kr.	24.200 kr.
1 skápeining 80x80x220	35.800 kr.	35.800 kr.	38.700 kr.	77.500 kr.
½ skápeining 80x80x110	17.900 kr.	17.900 kr.	19.350 kr.	38.750 kr.
Fermetrar	1.800 kr.	1.800 kr.	1.900 kr.	3.900 kr.

Hámarks lofthæð (hæð á frístandandi gólfskápa) er alltaf 220cm.

3.3.2. Sjónarmið Sýnar

(58) Sýn gerði athugasemd við kafla 1.1. sem fjallar um leiguverð fyrir aðstöðuleigu í tækjarýmum, sölum og tækjahúsum. Sýn veitti því athygli að einn flokkur hýsinga nefndist „Utan byggðar“ Óskaði Sýn því eftir frekari skýringu þess hvenær staður gæti flokkast á þann hátt.

(59) Sýn lét fylgja lista af þeim hýsingum er þeir leigðu af Mílu og teldust *utan byggða*. Gerði Sýn athugasemd við að Seyðishólar, Námaskarð og Miðfells múli flokkuðust á þennan hátt.

- Haurð tækjarými 740118
- Miðfells múli tækjarými 710153
- Námaskarð tækjarými 730118
- Seyðishólar tækjarými 750166
- Skjöldólfsstaðarhnjúkur tækjarými 740114
- Slórfell tækjarými 740119
- Snartarstaðanúpur tækjarými 730152
- Stóra-Klif tækjarými 750169

3.3.3. Sjónarmið Mílu

(60) Varðandi athugasemd Sýnar um kafla 1.1. tók Míla fram að flokkurinn „Utan byggða“ væri skilgreindur í nágildandi viðmiðunartilboði sem aðstöðuleiga „utan alfaraleiða“. Með því væri átt við að staðsetning aðstöðuleigu sé það langt frá þjóðvegi að ekki sé hægt með auðveldum hætti að ganga frá þjóðvegi að aðstöðuleigu eða vegslóði að aðstöðuleigu sé ekki fær allt árið. Mætti skilgreina hugtakið enn nánar með því að setja inn að hámarks vegalengd

frá þjóðvegi, t.d. að vegslóðið eða gönguleið má ekki vera lengri en 500 metrar frá þjóðvegi að viðkomandi staðsetningu.

3.3.4. Afstaða FST

(61) FST taldi svör Mílu ekki fela í sér nægilega greinargóða lýsingu á því hvert inntak hugtaksins „*Utan byggðar*“ væri m.t.t. vísunar Mílu til þjóðvega. Samkvæmt 6. gr. *vegalaga nr. 80/2007* skiptast vegakerfi landsins skipt í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þá kemur fram í 1. mgr. 8. gr. sömu laga að þjóðvegir séu þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, þeim sé haldið við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Af framangreindu er ljóst að um nokkuð víða skilgreiningu er að ræða

(62) FST óskaði eftir nánari skýringu hugtaksins með tölvubræfi þann 27. febrúar 2023. Þann 3. mars 2023 barst FST uppfærð skilgreining frá Mílu en þar kom neðangreint fram

(63) *Nánari skilgreining á „Utan byggðar“ er að hámarks vegalengd á vegslóða eða gönguleið frá þjóðvegi sem skilgreindur er sem stofnvegur (S) á vefsíðu Vegagerðarinnar er jafnt og eða lengra en => 500 metrar frá þjóðvegi.*

(64) Þann 16. mars 2023 óskaði FST eftir upplýsingum um hvaða áhrif þessi skilgreining myndi hafa á einstaka hús og hvort einhver hús myndu flytjast í flokkinn „Utan byggða“ sem ekki hefðu áður verið flokkuð sem slík.

(65) Þau svör fengust frá Mílu þann 20. mars 2023 að skilgreiningin myndi ekki verða til þess að hús sem ekki hefðu áður talist utan byggða myndu nú teljast sem slík. Tekið var fram að frá þjóðvegi væru þessar leiðir oft hlykkjóttar og lægju upp mjög brattar brekkur. Skynsamlegast væri að sleppa 500m skilgreiningunni og að nota frekar skilgreininguna „hús (staðsetning) sem ekki eru við eða nálægt greiðfærum vegi“, enda gætu brattar brekkur oft falið í sér meiri hindrun en vegalengdin frá þjóðvegi.

(66) FST fellst á þessa skýringu Mílu og verður orðalag greinarinnar uppfært skilgreiningunni til samræmis.

3.3.5. Kaflar 1.4., 1.5. og 1.6. í viðauka 2.

(67) 1.4. gr. fjallar um leiguverð vegna þjóðvegaútboðs fjarskiptasjóðs og kemur þar fram:

Annað verð gildir í tækjarýmum sem skilgreind hafa verið samkvæmt útboði fjarskiptasjóðs 2007 og gildir sú skilgreining til 7 ára frá undirritun samnings við fjarskiptasjóð. Eftir þann tíma falla viðkomandi tækjarými undir almenna verðskrá Mílu.

Leiguverð á mánuði er eftirfarandi:

- *Tækjaskápur eða búnaður allt að 60x60x110 7.688 kr. á skáp*
- *Tækjaskápur eða búnaður frá 60x60x110 að 60x60x220 10.749 kr. á skáp*
- *Aðstaða í allt að 10 m. hæð 3.071 kr. á loftnet*
- *Aðstaða í allt að 15 m. hæð 4.607 kr. á loftnet*
- *Aðstaða yfir 15 m. hæð 6.142 kr. á loftnet*

Leiguverðskrá Fjarskiptasjóðs er tengd byggingarvísitölu.

**Grunnverð, fylgir byggingarvísitölu frá jan. 2013.*

(68) Í kafla 1.5. í viðauka 2 er fjallað um verð fyrir aðgang strengja frá nágrennishýsingu að inntaki og afnot af lagnaleiðum innanhúss. Hljóðar hún svo:

Fyrir fyrsta strenginn í gegnum inntaksrör inn í tækjarými eða tækjahús greiðast 112.450 krónur. Fyrir hvern viðbótarstreng sem lagður er samtímis í sama rör, greiðast 24.096 krónur. Auk þess greiðir þjónustukaupi fyrir hönnun, framkvæmd og efni við lagningu strengs samkvæmt verðskrá fyrir útselda vinnu og þjónustu.

- *Fyrir aðgang að múffugrind og/eða lagnaleið sbr. viðauka 1, lið 1.5. greiðast 2.350 krónur mánaðargjald fyrir hvern streng.*
- *Fyrsti stengur í gegnum inntaksrör 112.450 kr.*
- *Verð fyrir hvern viðbótarstreng í gegnum inntaksrör 24.096 kr.*
- *Mánaðargjald fyrir hvern streng að múffugrind eða í lagnaleið 2.350 kr.*

(69) Í kafla 1.6. í viðauka 2 er fjallað um verð fyrir aðgang og pláss á kopar- og ljóstengigrind eða tengiskáp þar segir:

Verð fyrir aðgang að tengigrind eða tengiskáp er 1.223 krónur á mánuði fyrir hverjar 100 línur af kopar og 12 þræði af ljósleiðara.

3.3.6. Sjónarmið Ljósleiðarans

(70) Varðandi viðauka 2 bendir Ljósleiðarinn á að í köflum 1.4. og 1.5. hefur gjaldtaka verið útvíkkuð þannig að hún taki til ljósleiðara jafnt sem koparstrengja. Þessu sé ekki lýst í yfirliti FST yfir helstu breytingar á efni viðmunartilboðsins. Í kafla 1.6. sé gjaldtaka fyrir aðgang að ljósleiðaratengigrind miðuð við 12 þræði af ljósleiðara. Þá velti Ljósleiðarinn upp hvort sú gjaldtaka væri byggð á kostnaðargreiningu samþykktri af FST. Sama athugasemd var gerð við gjaldtöku fyrir ljósleiðara í kafla 1.5.

3.3.7. Sjónarmið Snerpu

(71) Varðandi viðauka 2 var í fyrsta lagi gerð athugasemd við lið 1.5., þar sem ekki var gerður greinarmunur á hvort inntaksrör væri fyrir hendi eða hvort því hafi verið komið fyrir af Mílu eða þjónustukaupa. Tók Snerpa fram að áður fyrr hefði ekki verið tekið gjald fyrir að taka strengi inn um rör Mílu frá næsta tengibrunni fyrir utan hús. Hægt væri að fallast á að mánaðargreiðsla kæmi fyrir slíkt. Þá hefði leigutökum verið heimilað hingað til að leggja til efni og vinnu að undantekinni vinnu við tengigrind og í tengimúffum og tengiskápum Mílu (sjá viðauka 3). Snerpa telur eðlilegt að gjald í upphafi verði að hámarki 50.000 kr. án vsk. og hver strengur fram yfir þann fyrsta sé á 25% gjaldi miðað við þann fyrsta sé hann í sömu lagnaleið og skipti þá ekki máli hvort hann sé lagður um leið eða síðar. Gjaldið feli í sér kostnað við eftirlit Mílu um að farið sé eftir hönnun. Þá sé verkkaupa heimilt að leggja til efni og vinnu vegna framkvæmdar í samræmi við hönnun Mílu. Þá er ekki gerð athugasemd við mánaðargjald fyrir hvern streng í lagnaleið sem lögð er til af Mílu en sé lagnaleið ekki tiltæk

eftir beiðni og ný lagnaleið sett upp á kostnað þjónustukaupa er óeðlilegt að greitt sé mánaðargjald vegna hennar.

(72) Í öðru lagi var gerð athugasemd við lið 1.6. viðauka 2 þar sem hver tækjæining í tengiskáp (1U) beri auðveldlega 24 ljóspræði og jafnvel 48 ljóspræði. Snerpa lagði til að greitt yrði fyrir hvert U fyrir ljóshillu í tengiskáp leigusala og að þjónustukaupi leggi til efni í ljóshillu eða LSA-tengibretti fyrir kopartrunka.

3.3.8. Sjónarmið Sýnar

(73) Sýn gerði athugasemd við gjaldtöku er kveðið var á um í lið 1.4. viðauka 2, þar sem fjallað var um leiguverð vegna þjóðvegaútbóðs Fjarskiptasjóðs. Benti Sýn á að enn væri tekið gjald samkvæmt gsm1 verðskrá á tilteknum stöðum. Óskað var eftir upplýsingum um hvort stæði til að breyta verðlagningu samanber viðauka 2 kafla 1.4.

3.3.9. Sjónarmið Mílu

(74) Varðandi athugasemdir Ljósleiðarans um gjaldtöku í kafla 1.4. og 1.5, tók Míla fram að um útvíkkun tengigrindagjalds á allar tengigrindur Mílu, bæði kopargrind og ljósleiðaragrind, væri að ræða. Gjaldið væri hið sama og tekið væri fyrir pláss á kopartengigrind í tíð eldra viðmiðunartilboðs, og reynt væri að miða við sambærilegt pláss á ljósleiðaratengigrind og á kopartengigrind.

(75) Varðandi athugasemd Snerpu varðandi kafla 1.5. í viðauka 2 var tekið fram að á bak við þessa uppfærslu á viðmiðunartilboðinu lægju engir nýir kostnaðarútreikningar og því feli hún ekki í sér verðskrábreytingu. Lagði Míla til að tekið yrði tillit til þessara athugasemdar við næstu kostnaðargreiningu.

(76) Varðandi athugasemd Snerpu um kafla 1.6 í viðauka 2, taldi Míla sig geta fallist á þessa tillögu. Þjónustukaupa væri heimilt að leggja til efni í ljóshillu/bretti og trunka ef fylgt væri stöðlum og leiðbeiningum þjónustusala. Gjaldið myndi þá felast í plássi sem samsvarar 1U.

(77) Varðandi athugasemd Sýnar um kafla 1.4. í viðauka 2, sagði Míla það ekki standa til að breyta gjaldtöku.

3.3.10. Afstaða FST

(78) Í fyrsta lagi er ljóst er að með ákvörðun FST í máli nr. 5/2021 frá 19. október 2021 var sú kvöð sett á Mílu í samræmi við 32. gr. laga um fjarskipti að gjaldskrá fyrir aðstöðuleigu, svo sem í símstöðvum og tækjarýmum, og tengda þjónustu skuli vera kostnaðarviðmiðuð. Sú kvöð var lögð á Mílu að leggja fram niðurstöðu kostnaðargreiningar á aðstöðu og tengdri þjónustu vegna koparheimtauga fyrir Fjarskiptastofu til samþykktar.

(79) Kostnaðargreiningu fyrir aðstöðuleigu og aðgang að rafmagni Mílu hefur þegar verið lokið með ákvörðun 8/2021. Sérstaklega var tekið fram í auglýsingu FST um samráð vegna viðmiðunartilboðs þessa að ekki yrði fjallað um verð sem ákvörðuð væru af Fjarskiptastofu. FST telur því ekki ástæðu til að mæla fyrir um breytingar á þeim köflum sem hér um ræðir.

(80) Þó ber að líta til þess að sú gjaldtaka sem kveðið er á um í kafla 1.5. í viðauka 2 er komin til ára sinna en síðast var fjallað um gjaldtökuna í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1/2009 frá 19. febrúar 2009 varðandi viðmiðunartilboð Mílu ehf. fyrir opinn aðgang að heimtaugum³ en gjaldið er að stofni til frá árinu 2003. Verður því fallist á með Mílu að ástæða sé til þess að endurskoða þá gjaldtöku í næstu kostnaðargreiningu.

(81) Í öðru lagi liggur fyrir að kvöð um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár gildir ekki fyrir miðlægan aðgang að ljósleiðaraheimtaugum Mílu. Verðlagning Mílu á miðlægum aðgangi að ljósleiðaraheimtaugum skal hins vegar vera réttlát og sanngjörn og án mismununar.

(82) Með tölvubréfi FST til Mílu þann 27. febrúar 2023 lagði FST til að Míla myndi einhliða birta tilkynningu um verðskrá fyrir ljósleiðaratengigrindur. Yrði því umfjöllun um gjald fyrir aðgang að ljóstengigrindum látin falla á brott úr viðauka 2, eða einungis yrði vísað til þess að verð fyrir aðgang og pláss á ljósleiðaratengigrind eða tengiskáp væru samkvæmt verðskrá líkt og gert var í kafla 8.3., í viðauka 1a viðmiðunartilboðs fyrir heildsöluaðgang að heimtaugum frá 2019.

(83) Með tölvubréfi dags. 8. mars 2023 féllst Míla á að umfjöllun um verð fyrir aðgang að ljósleiðaratengigrindum yrði tekin út úr viðmiðunartilboði þessu.

(84) Verður umfjöllun um verð fyrir aðgang að ljósleiðaratengigrindum því látin falla á brott.

3.3.11. Afslættir - Kafli 1.7. í viðauka 2

(85) Í 1.7. gr. viðauka 2 er fjallað um afslætti, þar er kveðið á um:

Afsláttarkjör eru einungis í boði fyrir aðstöðuleigu fyrir skápaeyningar og samtengimúffur og eru eftirfarandi:

- 1. árs samningur: 5% afsláttur, viðbótar uppsagnarfrestur eins mánaðar leiga
- 2. ára samningur: 10% afsláttur, viðbótar uppsagnarfrestur tveggja mánaða leiga
- 3. ára samningur: 15% afsláttur, viðbótar uppsagnarfrestur þriggja mánaða leiga

Útgöngugjald er gjald sem greitt er ef samningi um aðstöðuleigu er sagt upp áður en umsömdum samningstíma lýkur. Gjaldið bætist við sex mánaða uppsagnarfrest sbr. gr.16.3. í samning

3.3.12. Sjónarmið Snerpu

(86) Snerpa gerði athugasemd við 1.7. gr. í viðauka 2 sem vísar til 16.3. gr. viðmiðunartilboðsins, Snerpa taldi að rétt væri að vísa til 16.4. gr. Snerpa taldi ekki ljóst af orðalagi hvort viðbótaruppsagnarfrestur fæli jafnframt í sér útgöngugjald. Lagt var til að í stað orðalagsins viðbótar uppsagnarfrestur væri notað orðið útgöngugjald.

³ Sjá bls. 44. umfjöllun um leiguverð tengigrinda í [ákvörðun PFS í máli nr. 1/2009](#)

3.3.13. Sjónarmið Mílu

(87) Varðandi athugasemd Snerpu um lið 1.7. í viðauka 2, tók Míla fram að um væri að ræða afsláttakjör gegn lengri uppsagnarfresti ef sagt yrði upp á samningstímanum. Til dæmis, ef gerður yrði 3 ára samningur með afsláttakjörum þá yrði lengri uppsagnarfrestur ef samningnum yrði sagt upp á samningstímanum. Tekið væri fram í ákvæðinu að um útgöngugjald væri að ræða.

3.3.14. Afstaða FST

(88) Í auglýsingu FST frá 28. september 2022 um samráð um viðmiðunartilboð Mílu fyrir aðstöðuleigu er sérstaklega tekið fram að í því máli sem hér er til umfjöllunar eru skilmálar viðmiðunartilboðsins til meðferðar, aðrir en þeir er snúa að verðum sem ákvörðuð eru af FST. Ljóst er að með ákvörðun 41/2010⁴ varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á verðskrá fyrir aðstöðuleigu hefur FST (þá PFS) samþykkt þau afsláttakjör sem hér um ræðir. Stóðu þau einnig óhöggð í ákvörðun FST nr. 8/2021⁵ um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir hýsingu og rafmagn.

(89) FST telur því ekki ástæðu til þess að breyta þeim afsláttakjörum sem kveðið er á um í kafla 1.7. í viðauka 2.

3.4. Viðauki 3

3.4.1. Inntaksherbergi – Kafli 2 í viðauka 3

(90) Í annarri efnisgrein kafla 2 í viðauka 3 er fjallað um muninn á samtengimúffu og samtengiskáp. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Ef umgengni um samtengimúffu þarf að vera oftari en einu sinni á viku telst ekki vera um hefðbundna samtengimúffu að ræða heldur, heldur samtengiskáp.“

3.4.2. Sjónarmið Ljósleiðarans

(91) Varðandi viðauka 3 gerði Ljósleiðarinn athugasemd við verklags- og öryggisreglur í kafla 2. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Ljósleiðarans hafi þessi regla ekki verið sérstaklega kynnt fyrir Ljósleiðaranum né heldur hvaða áhrif hún geti haft á gjaldtöku Mílu. Ekki sé skýrt hvaða forsendur liggja á bakvið þessa mælieiningu, þ.e. að miðað sé við umgengni á viku. Þá tekur Ljósleiðarinn fram að slíkar aðstæður geti komið upp sem kalli á umgengni oftari en einu sinni á viku, til dæmis vegna viðgerða. Óskaði Ljósleiðarinn eftir upplýsingum um hvort slíkt myndi leiða til sjálfkrafa hækkunar á gjaldtöku.

3.4.3. Sjónarmið Mílu

(92) Varðandi athugasemd Ljósleiðarans um kafla 2 í viðauka 3, tók Míla fram að afmörkun á milli samtengimúffu og samtengiskáps afmarkaðist af því að aðstöðuleiga fyrir

⁴ Sjá kafla 4.25. í [ákvörðun PFS í máli nr. 41/2010](#) varðandi kostnaðargreiningu Mílu ehf. á verðskrá fyrir aðstöðuleigu (hýsingu).

⁵ Sjá kafla 4 í [ákvörðun FST í máli nr. 8/2021](#) um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir hýsingu og rafmagn.

samtengimúffur sé í boði í inntaksherbergjum og aðstöðuleiga fyrir skápa sé í boði í tækjarýmum eða í sölum. Framangreind skil leiði ekki til hækkunar á gjaldtöku.

3.4.4. Afstaða FST

(93) Að mati FST var sú skilgreining sem kom fram í kafla 2 í viðauka 3 ekki fullnægjandi. Á fundi FST og Mílu þann 17. febrúar 2023 var fallist á að betur yrði gerð grein fyrir ástæðu aðgreiningu samtengimúffa og samtengiskápa.

(94) Þann 3. mars bárust uppfærð svör frá Mílu varðandi þennan kafla. Kom þar fram nánari skýring sem hljóðar svo:

Umgenngis- og öryggisreglur eru ekki þær sömu í inntaksherbergjum og í tækjarýmum og tækjasölum. Í inntaksherbergjum er allt annað hitastig og rakastig og allt önnur lýsing en í tækjarýmum og tækjasölum. Samtengiskápa á að staðsetja í tækjarými eða tækjasal en samtengimúffur í inntaksherbergi.

(95) Er FST að framangreindu ljóst að skilgreining sú er kemur fram í 2. kafla í viðauka 3 er til staðar til þess að samtengimúffur og samtengimúffur séu hýstar á réttum stað.

(96) Verður kafla 2 í viðauka 3 breytt þannig að framangreind skýring komi fram.

3.4.5. Öryggisreglur - Kafli 1 í viðauka 3

(97) Í fjórðu efnisgrein kafla 1. í viðauka 3 er fjallað um öryggisreglur. Nánar tilgreint kemur eftirfarandi fram:

Öllum ber að hringja í vaktborð Mílu í síma 5856080 og tilkynna bæði komu og brottför.

3.4.6. Sjónarmið Snerpu

(98) Varðandi viðauka 3 var vísað til athugasemda við viðauka 6 um tilkynningu um komu og brottför, þar sem gerð var athugasemd við að tilkynna þurfi bæði um komu og brottför í tækjarými eða tækjahús þjónustusala.

3.4.7 Sjónarmið Mílu

(99) Varðandi athugasemd Snerpu um viðauka 3 tók Míla fram að tilkynning vegna komu og brottfara væri tengd atvikum sem oft kæmu upp sem tengjast umferð/umgenngi um hýsingastaði Mílu, Míla telur nauðsynlegt að fara fram á að allir starfsmenn og viðskiptavinir tilkynni bæði komu og brottfarir.

3.4.8. Afstaða FST

(100) FST telur rétt að játa Mílu rými til þess að ákveða reglur um umgenngi og öryggi innan sanngirnismarka. Í því sambandi þurfi að horfa til þeirra krafna sem gerðar eru til fjarskiptafyrirtækja samkvæmt 78. gr. fjarskiptalaga um að koma sér upp öryggisskipulagi til að verja heildstæði og rekstrarhæfni fjarskiptaneta sinna og þjónustu. Það er á ábyrgð

fjarskiptafyrirtækja að framkvæma áhættumat og velja viðeigandi öryggisráðstafanir til mótvægis. Er því ekki talin ástæða til þess að breyta ákvæði þessu.

3.5. Viðauki 5

3.5.1. Afgreiðsla umsóknar – Kafli 2 viðauka 5

(101) Í kafla 2, viðauka 5 er kveðið á um afgreiðslu umsókna en þar kemur neðangreint fram:

„Almennt markmið þjónustusala er að umsóknum um aðstöðuleigu sé svarað innan 5-10 virkra daga frá því að umsókn berst, og þjónustukaupi upplýstur um hvort hægt sé að uppfylla óskir um umbeðna aðstöðuleigu. Samskipti fara fram í skilaboðum á þjónustuvef þjónustusala og/eða í tölvupóstsamskiptum.“

3.5.2. Sjónarmið Ljósleiðarans

(102) Varðandi kafla 2 í viðauka 5 gerir Ljósleiðarinn athugasemd að afgreiðslutími hafi verið lengdur úr einni viku í allt að tvær vikur (5-10 virkir dagar, þar sem áður voru 5 dagar), óskaði Ljósleiðarinn eftir frekari útskýringum, þar sem miklu munar ef afgreiðslutími tvöfaldast.

3.5.3. Sjónarmið Mílu

(103) Varðandi athugasemd um Ljósleiðarans um kafla 2 í viðauka 5, fellst Míla á að kveða eigi á um fimm virka daga í umfjöllun um afgreiðslutíma.

3.5.4. Afstaða FST

(104) FST fellst á að orðalagi viðmiðunartilboðsins verði breytt þannig að kveðið verði á um að umsóknum um aðstöðuleigu sé svarað innan fimm virkra daga enda er ekki ágreiningur milli aðila um þá breytingu.

3.6. Viðauki 6

3.6.1. Reglur um umgengni í tækjarýmum og tækjahúsum - Kafli 1 viðauki 6

(105) Í lið 1, kafla 1 í viðauka 6 er kveðið á um reglur varðandi komur og brottfarir í tækjarýmum og tækjahúsum.

Öllum ber að hringja í vaktborð Mílu (þjónustusala) í síma 5856080 og tilkynna bæði komu og brottför í tækjarými eða tækjahús þjónustusala.

3.6.2. Sjónarmið Snerpu

(106) Snerpa gerði athugasemd við viðauka 6 um að tilkynna þyrfti bæði brottför og komur í tækjarými eða tækjahús þjónustusala. Snerpa taldi þá óskráðu vinnureglu gilda að þar sem væru öryggiskerfi þyrfti að tilkynna komu þannig að hægt væri að taka öryggiskerfi af verði og síðar um brottför þannig að hægt væri að setja kerfið á vörð aftur. Snerpa telur að hægt sé að fallast á að um önnur hús gildi sú regla að tilkynnt sé um komu en óþarfi sé að tilkynna um brottför þar sem ákvæðið væri væntanlega sett til þess að vaktborð geti gert sér grein fyrir því hvort einhver sé nálægt ef upp komi atvik í viðkomandi húsi sem þarf að athuga.

3.6.3. Sjónarmið Mílu

(107) Varðandi athugasemd Snerpu um kafla 1 í viðauka 6 var athugasemd Mílu sú sama og um viðauka athugasemd Snerpu um kafla 1 í viðauka 3. Tekið var fram að tilkynning vegna komu og brottfara væri tengd atvikum sem oft kæmu upp sem tengjast umferð / umgengni um hýsingastaði Mílu, Míla telur nauðsynlegt að fara fram á að allir starfsmenn og viðskiptavinir tilkynni bæði komur og brottfarir.

3.6.4. Afstaða FST

(108) FST vísar til umfjöllunar um afstöðu sína til efnislega sama atriðis í málsgrein nr. 92.

Ákvörðunarorð

1. Fjarskiptastofa samþykkir nýtt viðmiðunartilboð Mílu hf. fyrir aðstöðuleigu, sem byggir á uppfærðum viðmiðunartilboðsdrögum sem bárust frá Mílu hf. þann 11. maí 2022, með þeim breytingum sem tilgreindar eru í viðauka I við ákvörðun þessa.
2. FST áskilur sér rétt til að endurskoða ákvæði viðmiðunartilboðsins að eigin frumkvæði eða í kjölfar kvörtunar markaðsaðila ef tilefni gefst til, að undangengnu innanlandssamráði og samráði við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og önnur fjarskiptaeftirlitsstjórnvöld á EES-svæðinu.
3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, 8. júní 2023

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

Kristjana Torfadóttir

Fylgiskjöl:

Viðauki I: Um breytingar á ákvæðum viðmiðunartilboðsdraga Mílu

Viðauki II: Endanlegt viðmiðunartilboð Mílu

Viðauki III: Endanlegur viðauki 1 Grunnþjónusta

Viðauki IV: Endanlegur viðauki 2 Verðskrá

Viðauki V: Endanlegur viðauki 3 Verklags- og öryggisreglur

Viðauki VI: Endanlegur viðauki 4 tækjarými Mílu

Viðauki VII: Endanlegur viðauki 5 Umsókn og afgreiðsla

Viðauki VIII: Endanlegur viðauki 6 Umgengnisreglur

Viðauki IX: Álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)